

ÆTTLEIÐING

Annar hluti 1. tölublaðs árgangsins 2009.

Tímarit Í.Æ. október 2009

Af ráðstefnu NAC
í Reyjavík

Fjögurra vikna
foreldraorlof

Lífsbók

Hugleiðingar um
orðið sn-barn

Velkomin heim
myndir af börnunum

Dagskrá
skemmtinefnda

Bækur og fleira
frá Indlandi



Tímarit Í.Æ. er gefið út af Íslenskri Ættleiðingu og er að öllu leiti unni í sjálfbóðastarfi af einstaklingum í félaginu.

Spjallkvöld PAS nefndar

27. október klukkan 19.30 í húsnæði Í.Æ. Austurveri
verður spjallkvöldið Hjartans mál

Tímarit Í.Æ.

Ritstjórn.

Ritnefnd

Dreifing

Tímaritinu er dreift í Pdf formi í hlutum fram eftir ári til félagsmanna. Áætlað er að ritið verði prentað í árslok.

Höfundar

efnis eru tilgreindir inni í ritinu en ljósmyndir eru eftir ýmsa félagsmenn og Sönju Gjenero, Tim Rolf, Mehmet Goren og eru allar birtar með heimild höfunda.

Útlit

umbrot og hönnun
Hörður Svavarsson og ritnefnd

Ábyrgð

Hörður Svavarsson

Skrifstofa Í.Æ.

Austurvei
Háleitisbraut 68
Pósthólf 8334
128 Reykjavík
Sími 588 14 80
Fax 588 14 81
isadopt@simnet.is
www.isadopt.is

Skrifstofutími

Mánudaga klukkan 12 - 16
Þriðjudaga til fimmtudaga
klukkan 10 -13.
Tímabantanir eftir þörfum.

Stjórn og nefndir

Stjórn

Ágúst Guðmundsson
Finnur Oddsson
Guðbjörg Grímsdóttir
Hörður Svavarsson
Karl Steinar Valsson
Vigdís Ósk Sveinsdóttir

og varamenn

Pálmi Finnbogason
Margrét Rósa Kristjánsdóttir
stjorn@isadopt.is

Skemmtinefnd

á höfuðborgarsvæðinu

Helga Gunnarsdóttir
Helga Karlsdóttir
Hrönn Traustadóttir
Hulda Þórisdóttir
Kristbjörg S. Richter
Linda Wessman
Pálína Gísladóttir
Ragnheiður Elín
Ragnarsdóttir
Sigríður Viðarsdóttir

og norðan heiða

Ingibjörg Magnúsdóttir
Birna Blöndal.

Pas nefnd

Birna Blöndal
Gerður Guðmundsdóttir
Ingibjörg M. Magnúsdóttir
Ólöf R. Amundadóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir

Fjáröflunarnefnd

Hólmfríður Arnardóttir
Klara Geirsdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir

Ritnefnd

Díana Sigurðardóttir
Jórunn Elíadóttir
Þórdís Ívarsdóttir

Tilgangur Íslenskrar ættleiðingar er:

- að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Haagsamningsins um alþjóðlegar ættleiðingar
- að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna
- að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá
- að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra
- að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna
- að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu
- aðstoð við yfirgefin börn og þau börn sem búa við erfiðar aðstæður í heimalandi sínu en verða ekki ættleidd

"... að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.."





“...engin manneskja væri ólögleg...”



Roðflettum myrkrið og afhausum eymdina

...úr máli skáldsins

Samfara nýafstöðnum aðalfundi NAC var haldin opin alþjóðleg ráðstefna um ættleiðingar í Reykjavík. Stjórn Íslenskrar ættleiðingar fékk skáldið Einar M. Guðmundsson til að setja ráðstefnuna. Einar sagði meðal annars:

Ég er mjög gladdur að vera fenginn til að opna þessa ráðstefnu. Ég veit að félagið Íslensk ættleiðing vinnur mjög gott starf og spilar stóra rollu í lífi margra einstaklinga sem og samfélagsins alls. Fjölskyldur ættleiddra eru venjulegar fjölskyldur og ættleidd börn eru venjuleg börn. Þó við séum öll einstök er ekkert sérstakt við okkur. Eða leyfið mér að tala um þetta í ljóði:

Ekki tala um stórar þjóðir og litlar þjóðir, útkjálka, heimshorn og jaðra. Þetta er hnöttur; og miðjan sem hvílir undir iljum þínum breytist við hvert fótspor.

Jörðin er hnöttur löguð eins og kúla eða bolti. Fótbolti. Þess vegna er engin miðja réttari en önnur. Miðjan er undir fótum sérhvers jarðarbúa. Allir standa á miðjunni. Miðjan liggur undir iljum hvers og eins, er hreyfanleg og fylgir þér hvert sem þú ferð. Ef þessari eðlilegu landafræði væri fylgt byggjum við í betri heimi og þá væru völdugar og vanmáttugar þjóðir ekki til. Engin Afríka, engin Ameríka, engin Evrópa. Engin meginlönd byggð á valdajafnvægi. Áthagar

og persónugerðir - auðvitað. En allar þjóðir sameinaðar, engin manneskja væri ólögleg. Þá gætum við talað um sameinuðu þjóðirnar, ekki bara sem stofnun, heldur sem raunveruleika. You may say I'm a dreamer. But I'm not the only one... Og þess vegna segi ég líka:

Þú sem býrð með eyju í hjartanu og víðáttur geimsins stétt undir iljunum:

Réttu mér norðurljósin! Ég ætla að dansa við unglínginn sem heldur á stjórnunum.

Við roðflettum myrkrið og afhausum eymdina.

FRÁ RÁÐSTEFNU NAC



Um þjónustu ISS í Genf og réttindi barna

Um erindi Miu Dambach

Á laugardeginum hófst dagskrá NAC-ráðstefnunnar á erindi Miu Dambach frá ISS – IRC (International Social Service – International Reference Center for the Rights of Children Deprived of their Family www.iss-ssi.org). ISS eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1924. Samtökin aðstoða einstaklinga og fjölskyldur sem eiga við persónuleg eða félagsleg vandamál, láta sig varða vanrækt og yfirgefin börn, ættleiðingar, barnavernd og innflytjendur, svo eitthvað sé nefnt. Mia Dambach er ástralskur lögfræðingur og hefur síðustu fimm ár starfað hjá ISS í Genf sem sérfræðingur í réttindum barna. Í erindi sínu fjallaði hún um það hve almennar aðstæður barna fyrir ættleiðingu, svo sem fátækt eða vera á barnaheimili, geta mótað hegðun þeirra í framtíðinni. Hún fjallaði um hve mikilvægt það er að kjörforeldrar, löggiltu ættleiðingafélögin og fagfólk affli sem mestra upplýsinga um fortíð barnsins. Hún vitnaði í 16. grein Haag-samningsins um alþjóðlegar ættleiðingar frá 1993 en þar er kveðið á um þá skyldu upprunaríkjanna að afla bakgrunnsupplýsinga um barnið,

svo sem heilsufarsupplýsinga, upplýsinga um félagslegar aðstæður þess og upplýsinga um allar sérstakar þarfir sem barnið kann að hafa. Þessar upplýsingar geti hjálpað foreldrum og fagaðilum að skilja hegðun barnsins og mæta þörfum þess. Mia nefndi atriði sem hægt er að spyrja um þegar upplýsinga er aflað. Mikilvægt sé að fá pappíra sem foreldrar skrifa undir þegar þeir gefa barnið til ættleiðingar, ef þeir eru fyrir hendi. Oft er hægt að fá lögregluskýrslur þar sem fram kemur hvar barnið fannst og fleira þess háttar. Mörgum yfirgefnum börnum fylgi miði með upplýsingum til dæmis um fæðingardag, þennan miða er oft hægt að fá, sé spurt um hann. Einnig er mikilvægt að afla upplýsinga um félagslegt og menningarlegt umhverfi barnsins, svo sem menntun og fjölskyldugerð. Í sumum löndum er venja að allir fjölskyldumeðlimir sofí saman í herbergi og því getur það reynst barni erfitt að vera allt í einu sett í þær aðstæður að sofa aleitt í herbergi. Var barnið alið upp á stofnum og þá hvernig stofnun eða ólst barnið upp hjá fósturfjölskyldu? Það að barnið

hafi verið á mörgum stöðum fyrir ættleiðingu getur haft mikil áhrif á hvernig það treystir kjörforeldrum sínum. Hvernig var barnið undirbúið fyrir ættleiðinguna? Hafði barnið óraunhæfar væntingar til kjörforeldranna, gat barnið kvatt vini og starfsfólk á barnaheimilinu, fékk það að syrgja hið gamla líf og var útbúin lífsbók fyrir barnið? Þessar upplýsingar er oft hægt að fá með því að tala við forstöðufólk barnaheimilisins. Mia Dambach lagði áherslu á að sem mestra upplýsinga væri aflað, hvert og eitt lítið smáatriði getur reynst afar mikilvægt þegar bakgrunni og fortíð barnsins er pússlað saman og því er hjálpað að takast á við tilfinningar sínar. Mikilvægt er að átta sig á að reynsla barnsins fyrir ættleiðingu getur orsakað óöryggi, erfiðleika í tengslamyndun og þörf barnsins til að sanna fyrir sér takmarkalausa ást kjörforeldranna. Í lok erindisins vitnaði Mia Dambach í tamílskt máltæki sem í raun og veru segir allt sem segja þarf: Lærðu um framtíðina með því að horfa til fortíðar.

FRÁ RÁÐSTEFNU NAC



Líkamlegt og andlegt heilsufar kjörbarna í Finnlandi

Um erindi Sanna Mäkipää

Sanna Mäkipää frá Finnlandi kynnti FINADO - rannsóknarverkefni um líkamlegt og andlegt heilsufar allra erlendra kjörbarna í Finnlandi. Hún sagði frá bakgrunni rannsóknarinnar og framkvæmd og greindi frá nokkru frumniðurstöðum. Á árunum 1985 -2007 voru um 3300 börn ættleidd frá öðrum löndum til Finnlands. Rannsóknin er sérstök að því leiti að hún nær til allra þeirra sem ættleiddir hafa verið til Finnlands frá því ættleiðingar frá öðrum löndum hófust kringum 1970. Rannsóknin hófst

2007 og mun taka nokkur ár að vinna hana þar sem hún skiptist í mjög marga þætti og svið innan þessa málaflokks.

Markmið rannsóknarinnar er m.a. að varpa ljósi á þær aðstæður sem ættleiddir einstaklingar hafa búið við fyrir ættleiðing, skoða líkamlegt og andlegt atgervi / ástand ættleiddra einstaklinga, skoða líkamlega og andlega þætti er varða aðlögun ættleiddra í fjölskyldur og hvernig heilsufars- og félagslegrar þjónustu væri þörf á í þessu ferli.

Rannsókn þessi er mjög umfangsmikil og nær yfir langt tímabil. Að henni koma margir fræðimenn s.s. barnalæknar, barnasálfræðingar, barnageðlæknar ásamt Sanna Mäkipää sem starfar sem ráðgjafi og fyrirlesari um málefni er varðar ættleiðingar. Hægt er að lesa um rannsóknina á finnsku á síðunni <http://www.capacitasfamilia.fi/> en niðurstöður rannsóknarinnar munu birtast síðar.

Þjónusta talmeinafræðings fyrir fjölskyldur Íslenskrar ættleiðingar

Frá og með haustinu mun Ingibjörg Símonardóttir, sérkennari og talmeinafræðingur, bjóða félagsmönnum Íslenskrar ættleiðingar ráðgjöf í tengslum við mál- og talþroska ættleiddra barna.

Ingibjörg verður með aðstöðu á nýrri skrifstofu Íslenskrar ættleiðingar í Austurveri. Hægt verður að koma í viðtal til hennar þar eða hringja og fá símaviðtal.

Ingibjörg verður við á eftirtöldum dögum í haust:

Fimmtudaginn 29. október kl. 11-13

Fimmtudaginn 12. nóvember kl. 11-13

Föstudaginn 4. desember kl. 11-13

Utan þess tíma er hægt að leggja inn skilaboð til hennar eða senda tölvupóst á is@isadopt.is

Íslensk rannsókn um börn frá Kína

Um erindi Jórunnar Elíóttur



Jórunn Elíóttir dósent við Háskólann á Akureyri kynnti nokkrar frumniðurstöður rannsókna á börnum sem ættleidd hafa verið frá Kína til Íslands. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar komu fram í síðasta tölublaði ÍÆ. Í rannsókninni hefur m.a. komið fram að foreldrar ættleiddra barna leita lítið eftir ráðgjöf og/ eða aðstoð þegar þeir hafa áhyggjur af í ýmsum þáttum er snerta börnin. Má þar nefna tengslamyndun, félagslega þætti, áfallastreitu, svefn og fleira. Rannsóknin leiðir í ljós að stór hluti þeirra sem tóku þátt í henni hefði nýtt sér ráðgjöf fyrst eftir ættleiðinguna, ef hún hefði verið til staðar. Í þeim niðurstöðum sem kynntar voru kom m.a. fram að foreldrar telja það almennt mjög mikilvægt að viðhalda tengslum við kínverska menningu og við upprunalandið. Einnig að vera í samskiptum við aðrar fjölskyldur sem eiga börn ættleidd frá Kína. Meirihluti barnanna hafa kínversk nöfn en einungis um 33% hafa það ekki. 60% foreldra notar orðin Kínasystur eða Kínasystkini þegar talað er um þau börn sem komu í sama hópi heim frá Kína. Frekar margir telja það líklegt að börnin læri kínversku síðar á ævinni og mjög líklegt að þau eigi eftir að heimsækja fyrrum heimaslóðir. Vinna með niðurstöður rannsóknarinnar eru á byrjunarstigi en fróðleikur um fleiri þætti mun birtast síðar.

Fróðleiksmolar úr rannsókn

Hvað fylgdi barninu þegar það var ættleitt? Mjög misjafnt er hvað fylgir þeim börnum sem ættleidd eru frá Kína. Nokkur börn hafa komið með fjölda mynda í farteskinu, jafnvel dagbækur eða góða upplýsingar um líf þeirra í Kína, leikfang eða annað persónulegt. Þetta virðast þó hafa verið frekar fá börn miðað við þær upplýsingar sem koma fram í rannsókninni. Mjög margir fá nokkrar myndir af barninu, um 39% af þeim sem tóku þátt í rannsókninni fengu 1 til 5 myndir en um 20% af foreldrum fengu fleiri myndir en þetta. Um einn þriðju barnanna hafði meðferðis einhvern minjagrip annað hvort frá barnaheimilinu eða fósturfjölskyldunni. Algengt er þó að barninu fylgi bara peli og stundum smá mjólk eða mjólkurduft fyrir utan fötin sem það var í og ekkert annað. Örfáir hafa fengið heimilisfang eða netfang fósturfjölskyldunnar. Það er því himinn og haf á milli þess að taka á móti barni sem kemur hreint og snyrtilegt með myndir, hluti og mjólk og jafnvel dagbók til þess að taka á móti barni sem er í skítugum og slitnum fötum, með nafnspjaldið sitt í litlu höndunum sínum. Athyglisvert er að með einungis átta börnum fylgdu upplýsingar um það sem stóð á miðanum sem fylgdi barninu þegar það fannst, ef

slíkur miði var til staðar sem er ekki vitað. Zhang (2006) segir að ætla megi að flest börn sem eru skilin eftir séu með miða á sér sem segir til um fæðingardaginn. Kínverjar trúu því að gæfa fylgi tölunum sem tengjast fæðingu barnsins, dagsetning og tími (shengchen bazi “átta tölur,,). Þessar tölur eru t.d. oft notaðar þegar finna á væntanlegan maka. Talið er að þó mörg börn séu með miða á sér þá finnst hann aldrei m.a. vegna þess að stundum er peningur bundinn við miðann sem er tekinn af þeim sem finnur barnið fyrst og þá hverfur miðinn um leið. Einnig að mörgum finnst þessi miði skipti barnið litlu máli og því gleymist hann og hverfi þegar verið er að huga að barninu. Eða að þessar upplýsingar hefðu lítið gildi fyrir vestræna foreldra og því ekki látinn fylgja með barninu. Það að barnið hafi miða á sér með upplýsingum um fæðingardag og tíma mætti tengja við ákveðna umhyggju, það er að sá sem skildi barnið eftir vildi miðla upplýsingum sem gætu skipt máli fyrir barnið síðar á ævinni samkvæmt kínverskri þjóðtrú.

Jórunn Elíóttir (2009) Börn ættleidd frá Kína. Óbirtar niðurstöður rannsókna. Zhang Weiguo (2006) Child Adoption in Contemporary Rural China. Journal of Family Issues, Vol. 27, No. 3, 301-340



Fjögurra vikna foreldraorlof

Eftir Ólöfu Rögnu Ámundadóttur



Sumarleyfi grunnskólabarna er rúmar tíu vikur en flestir foreldrar eiga aðeins rétt á 4 vikna sumarleyfi. Foreldrar yngstu barnanna þurfa því oft að nýta sér frístundaheimili og námskeið í allt að sex vikur á hverju sumri. Mig langar til þess að vekja athygli lesenda á lögum um fæðingar og foreldraorlof (sjá nánar lög nr. 95/2000) en sjöundi kafli þeirra fjallar einmitt um foreldraorlof.

Í lögnum kemur fram að foreldri skal eiga rétt á foreldraorlofi í þrettán vikur til að annast barn sitt. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annarra landa getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar. Réttur til foreldraorlofs fellur niður þegar barnið nær átta ára aldri. Hafi réttur til foreldraorlofs fallið

niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun en áður en það verður fullra átján ára. Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofsfjórði. Foreldrar í foreldraorlofi safna ekki rétti til sumarorlofs eða ávinnu sér önnur starfstengd réttindi á meðan á orlofinu stendur, en halda þeim réttindum sem þeir hafa þegar aflað. Sjá nánar: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000095.html>

Ég ákvað að nýta mér foreldraorlof nú í sumar eftir að dóttir mín lauk sex ára bekk. Ég tók fjögurra vikna launalaust foreldraorlof og fjögurra vikna

sumarleyfi. Dóttir mín fór á tveggja vikna íþróttanámskeið eftir að skóla lauk í júní og eftir það eyddum við átta vikna fríi saman og óhætt er að segja að við nutum lífsins.

Þar sem foreldraorlofið er launalaust er gott að skipuleggja það með góðum fyrirvara og leggja fyrir, en það er einmitt það sem ég gerði.

Nú erum við byrjaðar í vinnu og skóla eftir þetta góða frí og það er óhætt að segja að við mæðgurnar komum vel undan sumri. Við nutum samverunnar í sumar og ég er strax byrjuð að safna fyrir fjögurra vikna foreldraorlofi næsta sumar því við erum svo heppnar mæðgurnar að hún verður ekki átta ára fyrr en í september.

...foreldri skal eiga rétt á foreldraorlofi í þrettán vikur til að annast barn sitt...



“Hvaða viðhorf viljum við til dæmis móta gagnvart þessum hópi barna...”



Hugleiðingar um orð...

Eftir Jórunni Elíadóttur

Í greininni er fjallað um hugtakanotkun sem tengist hópi barna sem ættleidd hafa verið á undanförunum misserum frá Kína og hafa notið sérstaks forgangs til ættleiðinga. Höfundur veltir fyrir sér hvort hugtakið sn-börn sé æskileg eða óæskileg stimplun og hvort það geri einstaklingum í þessum hópi gagn eða ógagn að hópurinn skuli aðgreindur með þessum hætti.

Að undanförunu hafa komið mörg börn frá Kína sem hafa verið ættleidd sem sn-börn (children with special needs). Þetta eru börn sem falla ekki inn í hinn hefðbundna farveg ættleiðinga barna. Börnin eru öll með skilgreinar sérþarfir þ.e. þau hafa átt við veikindi eða sjúkdóma að stríða eða eru með fæðingargalla svo sem skarð í vör, fæðingarbletti, hjartagalla eða útlimir hafa ekki þroskast eðlilega og fleira.

Mjög misjafnt er hversu alvarleg sérstaða barnsins er og hversu mikil áhrif hún hefur á líf þess. Hið almenna er þó að um er að ræða minniháttar vandamál miðað við vestræn viðmið og flest þessara barna mundu ekki flokkast undir börn með sérþarfir hér á Íslandi. Því er vert að velta fyrir sér orðanotkun þegar kemur að þessum hópi barna. Ljóst er að hér á landi verða nokkrir árgangar barna ættleidd frá Kína

þar sem hin svokölluð sn-börn eru í meirihluta. Því má spyrja sig hvort það sé æskilegt að þessi stimpill festist á þeim og einnig í ljósi þess að oft er hér ekki um sérþarfir að ræða á sama hátt og tekið er fyrir t.d. í lögum og reglugerðum. Þessi börn eru einnig börn sem munu mörg hver ekki vera skilgreind með sérþörf eða ekki hafa þá sjálfsmynd er þau eldast að vera sn-börn eða börn með fatlanir.

Skilgreiningar

Á Íslandi hefur helst verið stuðst við læknisfræðilega skilgreiningu sem kennd er við endurhæfingu þegar kemur að skilgreiningu er varðar fatlanir og sérþarfir. Skilgreiningin á fötludum einstaklingi, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, er sá sem þarf á sérstakri þjónustu eða stuðningi að halda. Er hér átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- eða heyrnarskerðingu. Einnig getur fötlun stafað af langvarandi veikindum sem og slysum. (Lög um málefni fatlaðra, 59/1992). Skilgreiningin á við um tímabundið jafnt sem viðvarandi ástand. Vert er að benda á að mörg börn hafa sérþarfir sem ekki eru skilgreindar sem sjúkdómar eða fatlanir skv. lögum en geta valdið verulegum erfiðleikum sé þeim ekki mætt.

Í flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF) er litið á fötlun (disability) sem yfirhugtak yfir skerðingu á byggingu eða starfsemi líkama, takmörkun til athafna, eða hindrun á þátttöku í samfélaginu (WHO, 2001). Samkvæmt ICF flokkast skerðing sem röskun á byggingu eða starfsemi líkama. Með sérþörfum / hömlun er hér átt við sértæka námsörðuleika, hreyfihömlun og ýmis vandamál sem hlotist geta af áföllum, slysum, veikindum eða öðrum orsökum. Staðfest greining á fötlun eða sérþörfum einstaklinga þarf að öllu jöfnu að liggja fyrir til þess að einstaklingur fái þá þjónustu (kennslu, þjálfun, undanþágur, lyf eða annað) sem hann þarf vegna sérþarfar sinnar.

Orð skapa viðhorf

Ljóst er að sum þeirra barna sem ættleidd eru sem sn-börn falla undir þessar skilgreiningar til lengri eða skemmri tíma, það á einnig við um önnur börn sem ættleidd eru og hafa síðar greinst með fötlun eða sérstaka sérþörf. Ekki má gleyma því að það að vera barn með fötlun eða sérþarfir er eitthvað sem barnið þarf að skilja á þann hátt að það efi það, móti og byggi upp á jákvæðan, heilbrigðan hátt.

Barnið þarf að læra að þekkja eigin sérstöðu (ef þroski þess leyfir) sem allra fyrst, rétt eins og barn lærir að það er ættleitt á unga aldri. Þetta auðveldar barninu að takast á við veröldina og mótar viðhorf gagnvart því sjálfu og viðhorf annarra til þess. Mikilvægt er að vera opin gagnvart fötlun og eða sérþörf einstaklinga og er margsannað að fordómar, hræðsla og slúður þrífst vegna þekkingarleysis. Umræðan hér snýst ekki um að draga dulu yfir sérþarfi barna með því að huga að orðanotkun er varðar ákveðinn hóp barna.

Orðanotkun skiptir mjög miklu máli, orð eru viðhorfsskapandi og gildishlaðin. Hvaða viðhorf viljum við t.d. móta gagnvart þessum hópi barna, sn-barna? Hvaða viðhorf viljum við að þau beri með sér út í lífið þegar þau stækka? Hætta er á að orð eða hugtök sem flokkar börn á einhvern átt verði til þess að auka aðgreiningu og hefur auk þess slæm áhrif á sjálfsmynd þeirra sem og viðhorf til þeirra sem einstaklinga (Thomas & Loxley 2007).

Foreldrar sem velja að ættleiða barn með skilgreinda sérþörf munu nota það orðasamband eða sambærileg í ættleiðingarferlinu enda er það lýsandi fyrir þá leið sem er valin og óþarfi að breyta því. Orðasamböndin sn-child / sn-

adoption / waiting children eru víða notuð í alþjóðlegu samhengi til aðgreiningar frá hinu hefðbundna ættleiðingarferli. Þessi orðanotkun, í þessu samhengi, er þægileg og lýsandi fyrir þetta ferli og er einnig hlut af því að gera fólk meðvitað um þá leið sem það velur við ættleiðingu barns.

Hins vegar má velja fyrir sér hvort það sé æskilegt að sn-orðið festist á hópinn sem heild þegar heim er komið þar sem börnin eru mjög ólíkir einstaklingar með mjög mismunandi sérþarfir og sum engar þegar fram líða stundir eins og fyrr segir. Er þessi orðanotkun í þágu barnanna og fjölskyldna þeirra? Hætta er á að hugtakið sn-barn festist á hópinn án þess að meira sé sagt um einstaklingana sem slíkan. Reynsla annarra hópa sem hafa verið aðgreindir á þennan hátt sýnir að þessi hætta er mikil og hugtak getur orðið eins og merkimiði á einstaklingum sem tilheyra hópnum (Thomas & Loxley 2007).

Börn með forgang

Eins og margir þekkja þá er spurt af hverju börn hafa verið að koma frá Kína í ljósi fréttu af löngum biðtíma, hvaða börn eru þetta? Einnig er spurt af hverju þessi börn og af hverju ekki önnur börn? Hverju skal svara og hvaða orð

“...Umræðan hér er í þeim tilgangi að vekja fólk til umhugsunar um orðanotkun og benda á hversu brýnt það er að sýna aðgát í nærveru sálar, því með orðum sköpum við viðhorf sem, þegar til lengri tíma er litið...”

ætti að nota sem væru meira lýsandi fyrir þennan hóp barna þegar heim er komið?

Ef við hugsum um þessi börn þá eru þetta fyrst og fremst börn sem þurfa allt það sama og öll önnur börn en vegna mismunandi skilgreindra sérþarfa þá eru þau sett í forgang þegar kemur að ættleiðingu þeirra. Börnin njóta forgangs og foreldrarnir líka þegar þeim býðst að ættleiða þau. Börn með forgang getur í raun átt við um öll börn sem eru ættleidd. Þau hafa öll verið svo lánsöm að vera sett í forgang fram yfir þúsundir annarra barna, sum barnanna hafa einungis fengið aðeins meiri forgang en önnur.

Að tilheyra

Vel má vera að fólk vilji alfarið sleppa því að nota einhver orð/hugtök til að skilgreina þennan hóp í daglegu tali enda engin þörf á því. Þó er það svo að hópar myndast t.d. er varðar sn-börnin þar sem m.a. er verið að miðla reynslu og fræðslu um ýmislegt sem varðar þennan hóp sem og að þetta eru oft foreldrar sem fara á sömu staðina líkt og Kínahópar gera og margir innan hópsins eiga margt sameiginlegt.

En þessi börn eiga mun meira sameiginlegt annað en það að hafa verið ættleidd með skilgreindar sérþarfi. Aðvelt ætti að vera að nota önnur orð um þau í daglegu tali (t.d. þegar hópar hittast), og tengja við t.d. eitthvað sem minnir á Kína eins og algengt er þegar aðrir hópar hittast eða um þá er rætt (sbr. kínasystur, kínavinir), eða tengja við héruð eða svæðishluta í Kína, tímabil eða annað. Á þann hátt tilheyrðu börnin ákveðnum hópi sem væri með svipuðum formerkjum og aðrir hópar, þar sem

uppruninn og tengslin við upprunalandið eða tímabilið þegar þau komu heim væri lýsandi fyrir hópinn en ekki "sérþarfirnar" sem slíkar.

Umræðan hér er í þeim tilgangi að vekja fólk til umhugsunar um orðanotkun og benda á hversu brýnt það er að sýna aðgát í nærveru sálar, því með orðum sköpum við viðhorf sem, þegar til lengri tíma er lítið, er oft erfitt að breyta. Það sem við höldum að barnið heyrir ekki í dag heyrir það kannski síðar og foreldrar geta ekki alltaf séð fyrir hvar eða hvenær það gerist. Orð hafa áhrif, ekki einungis á barnið sjálft sem einstakling heldur alla þá sem umgangast barnið. Því er mikilvægt huga að þessum málum núna á meðan börnin eru enn ung að árum og þessi ákveðni hópur barna að bætast í hóp ættleiddra barna og velta fyrir sér hvernig orð við viljum nota, ef einhver, um börn sem hafa notið sérstaks forgangs þegar kemur að ættleiðingu þeirra.

Heimildir

Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992

Thomas G. og Loxley A., (2007). Deonstrukting Special Education and Constructing Inclusion. New York: McGraw Hill.

World Health Organization (2001). International Classification of Functioning, Disability and Health



Lífsbók Hvað er það?

Eftir Gíslínu V. Ólafsdóttur



...og af hverju að gera hana?

Lífsbók er saga barnsins, séð með augum þess, frá fæðingu og þar til að það kemur til okkar foreldranna. Í bókinni er sagt frá m.a. kynforeldrum barnsins, upprunalandi og menningu þess, fæðingastað, barnaheimili/ fósturforeldrum og endar bókin oft á því hvernig barnið kom til okkar foreldra sinna. Lífsbókin er meðal annars ætluð til að aðstoða foreldra við að svara spurningum barnsins um hver er ég og hvaðan kom ég? Eftir að hafa sest niður og gert Lífsbókina erum við betur undir það búin að svara spurningum barnsins um uppruna sinn. Ef við upplýsum börnin um upprunalandið sitt og atburði úr lífi þeirra áður en þau komu til okkar og ræðum mögulegar

ástæðu þess að þau voru gefin til ættleiðingar, getur það hjálpað þeim að mynda með sér heilbrigða sjálfsmynd.

Lífsbók tengir fortíð barnsins við nútíð þess og hjálpar barninu að stíga inn í framtíðina með sterka sjálfsmynd.

Í vetur mun ég halda vinnufundi um gerð Lífsbóka fyrir ættleidd börn, fyrsti fundurinn var haldinn í október í Kennslu- miðstöð Háskóla Íslands sem er í Íþróttahúsi HÍ. Þar er farið yfir efni á fyrstu þremur síðunum í Lífsbókinni: Kynningar-, Fæðingar- og Nafnasíðan, hvað er æskilegt að komi fram á þessum síðum, hvernig myndir eru æskilegar og tillögur að uppsetningu á þeim. Vinnufundir verða svo

mánaðarlega fram í maí þar sem farið verður yfir 2-4 síður í hverjum mánuði og hjálpað að við gerð Lífsbókar. Stofnuð hefur verið vinasíða á Fésbókinni þar sem hópurinn mun miðla efni og þekkingu sín á milli. Þeir sem búa úti á landi eða geta ekki mætt á vinnufundina geta einnig verið með, og fá allar glærur og kynningaefni eftir hvern vinnufund og geta verið í sambandið á fésbókarsíðunni og leitað þar aðstoðar.

Námskeiðið kostar 15.000 kr. fyrir þá sem mæta á vinnufundina, en 10.000 kr. fyrir þá sem ekki ná að mæta.

Þeir sem hafa hug á að vera með vinsamlega hafið samband í gillavilla@gmail.com

Gíslína.

...tengir fortíð barns við nútíð...



Velkomin heim...



*Alexander Karl Þorhallsson
fæddur 27. ágúst 2007
Foreldrar: Þorhallur Árni Ingason og
Helga Karlsdóttir
Kom heim frá Indlandi 19.02.2009*



*Audur Vilhelmina Jóhannsdóttir
fædd 10.07.2007
Foreldrar: Jóhannes Freyr Stefánsson
og Ásbjildur Magnúsdóttir, Borgarnesi
Kom heim frá Kína 17.09.2008*



*Arnór Flóki Þorðarson
fæddur 11.06.2007
Foreldrar: Þorhallur Bardi Karason
og Helmsfríður Arnardóttir.
Kom heim frá Kína 17.09.2008*



*Daniel Hrafn Björnsson
Fæddur í Kína: 06. 06. 2007
Foreldrar: Björn Rúnar Sigurðsson og Sigríður Víðarsdóttir.
Kom heim frá Kína 7. 09. 2008*

...nýir Íslendingar



*Haukur Máni Søndip Arnarsson
fæddur 02. 10. 02007.
Foreldrar: Arnar Sigurðsson og Margrét
Sigrún Hóskuldsdóttir.
Kóm heim frá Indlandi 22. 01. 2009.*



*Karen Trani Þorgeirsdóttir
fædd 13. 08. 2007.
Foreldrar: Þorgeir Arnórsson og Kristbjörg Ólafsdóttir.
Kóm heim frá Indlandi 19. 02. 2009.*



*Kátrín Rut Áltadóttir
fædd 03. 03. 2008.
Foreldrar Álti Freyr Kjartansson og
Kristjana Hinriksdóttir.
Kóm heim frá Kólumbúu 18. 07. 2009.*



*Reynir Yifou Eyyfjörð Davíðsson
Fæddur 30. 10. 2006.
Foreldrar: Davíð Eyyfjörð Reynisson og
Ingibjörg Stefánsdóttir.
Kóm heim frá Kína 17. 09. 2008.*

Velkomin heim.....



*Maja Meixin Aeto
fædd 30.05.2005.
Foreldrar: Luca Aeto og Anna Ingólfsdóttir.
Kóm heim frá Kína 17.09.2008.*



*Válfyr Rúnar Bergmann Válfjónsson
fæddur 01.05.2008.
Foreldrar: Válfyr Bergmann Ármannsson og
Linda Jónsdóttir.
Kóm heim 29.05.2009.*



*Pévarinn Karl Pórisson
fæddur 28.12.2007.
Foreldrar: Pórir Ábalsteinsson og Jóhanna Eydís Pórarinsdóttir
Kóm frá Kína 22.07.2009.*



*Alexandra Elin Bjarnadóttir
fædd 13. október 2007
Foreldrar: Bjarni Sv. Ellertsson og Elin Hennriksen
Alexandra var seltleidd frá Moskvu í Rússlandi án
milligöngu Íslenskrar seltleiddingar og kóm heim með
fjölskyldu sinni 24.02.2009.*



*Benedikt, Kai-Vin Reynisson
fæddur 18.10.2007
Foreldrar: Kristín Waage og Reynir Finnbergason.
Kóm heim frá Kína 29.05.09.*

...nýir Íslendingar



TÍMARIT Í.Æ. október 2009

Dagskrá skemmtinefnda ÍÆ í Reykjavík og á Norðurlandi, 2009-2010

DAGSKRÁ SKEMMTINEFNDA

Reykjavík


Norðurland

| | | | | | |
|---|---|--|---------------------------------|--|--|
| 12. september Kl.11:00-13:00 | Hittumst í Húsóýrargarðinum í Laugardal. | | 19. september Kl.12:00-14:00 | Skemmtidagur í Kjarnaskógi. Klæðum okkur eftir veðri og eigum saman skemmtilega stund. Getum nýtt okkur grillaðstöðuna áður en við förum heim. ☺ | |
| 3. október Kl.11:00-13:00 | Haustrferð í Guðmundarlundi í Kópavogi. Tínum laufblöð og kóngla, m.a. til að nota í föndur í nóvember. Sjá staðsetningu á skogkop.net. | | 10. október | Bíóferð. Verður nánar auglýst er nær dregur. | |
| 7. nóvember Kl.11:00-13:00 | Föndur, m.a. úr efniviðnum sem við trindum í haustinu, KFM&K við Holtaveg. | | 28. nóvember Kl.13:00 | Skautafærð og kaffihús á eftir. Nú er upplagt að draga fram skautana og skemmta sér með krökkunum. ☺ | |
| 5. desember Kl.11:00-13:00 | Piparkökumálun í húsi KFM&K við Holtaveg. | | 27. desember Kl. 15:00-17:00 | Jólaball í Glerárkirkju. Allir grípa með sér eitthvað góðgæti á hlaðborðið. | |
| 28. desember Kl. 16:00-18:00 | Jólaball í stóra sal KFM&K við Holtaveg. | | 16. janúar Kl. 16:00-18:00 | Keila. Nú mætum við öllum hress og kát í keiluhöllina og sýnum hvað í okkur býr. | |
| 7. Febrúar | Óvæntur útihttingur, nánar auglýst síðar. | | 21. Febrúar | Innidagur...nánar auglýstur síðar. | |
| Mars | Furðufataball. | | 21. mars Kl.11:00 | Fjölskyldudagur í Hlíðarfjalli. | |
| 11. apríl Kl.11:00-13:00 | Sundferð í Ásvallalaug í Hafnarfirði frá kl.11-13. Þar er m.a. mjög góð inniaðstaða fyrir börn. | | 18. apríl Kl 11:00 | Sundferð í Akureyrarlaug og út að borða á Bautanum. | |
| 2. maí Kl.11:00-13:00 | Fjörufærð í Nauthólsvík. | | 8. maí Kl.12:00 | Dagsferð í Mývatnssveitina. Allir að hafa með sér sundföt og nesti. Brottför frá Leirunni kl. 12:00. | |
| 3. Júní Kl.11:00-13:00 | Sumargrill í Furulundi í Heiðmörk . Allir mæta með það sem þeir vilja grilla, en við leggjum til það sem þarf til að kynda upp í grillunum. | | 5. júní Kl.11:00 | Grill í Kjarnaskógi. Allir mæta með það sem þeir vilja grilla, en við leggjum til það sem þarf til að kynda upp í grillunum. | |
| 16.-18. júlí Útílega Íslenskrar ættleioingar. Staðsetning auglýst síðar. | | | | | |

Lumar þú á góðum hugmyndum eða ábendingum fyrir skemmtinefnd? Netfangið okkar er skemmtinefndia@ gmail.com

Eftir Kristínu Skjaldardóttur

BÆKUR OG CD



The Ramayana

The Ramayana er ævintýrabók, unnin úr þjóðsögu, sett fram fyrir börn á aldrinum 5-14 ára, en er auðvitað fyrir allan aldur og er gaman fyrir foreldrar að lesa hana með börnunum. The Ramayana fjallar um söguna af Rama, prinsinn af Ayodhya, sem fer sjálfviljugur í útleð út í skóg til að heiðra speki föður síns. Í skóginum hitta Rama, kona hans Sita og bróðir hans Lakshmana nýja vini og ættbálka, og hver dagur býður upp á ný ævintýri. En góðu og hamingjuríku lífi þeirra er spillt, þegar að Ravana af Lanka, konungur djöfla, nemur Situ á brott. Til að bjarga henni, fær Rama apaher í lið með sér og í bardaganum sem fer fram, deyja margar hetjur og nýjar hetjur fæðast.

Fallega myndskreytt bók, um gamla þjóðsögu.

Höfundur : Bulbul Sharma, ISBN : 0-67-004964-6.



MahaBharata

Hér eru um að ræða þrjár bækur í einum pakka. Fjallað er um hvernig Hindúatrú varð til og stríð og annað sem tengdist Hindúatrú í byrjun. Sögurnar eru vel teiknaðar, fullar af spennu, enda ýmsir kóngar að berjast

um völd. Mjög falleg útgáfa og gaman að eiga til þess að kynnst myndrænt sögu Hindúatrúar og sennilega ein auðveldasta leiðin til að kynnst Hindúatrú, enda stór og mikil saga á bakvið þessa algengu trú í Indlandi. MahaBharata er sögð vera ein merkasta saga fornra tíma, ásamt Ramayana og með þessum tveimur bókum er búið að einfalda sögurnar og setja á nútímamál.

ISBN : 81-7508-355-7




Indian children's favourite stories

Hér er um að ræða indverskar þjóðsögur ætlaðar börnum. Í þessari bók eru sögur sem segja frá menningu og sögu Indlands til forna. Þetta eru sannkallaðar ævintýra þjóðsögur, líkt og okkar fallegu þjóðsögum. Hver saga er myndskreytt þó skreytingarnar séu svolítið sérstakar fyrir okkur að sjá. Skreytingarnar eru mjög „indverskar“ og sést inn á milli á myndunum skreytingar eins og prýða gamlar hallir á Indlandi. Þessi bók er áhugaverð fyrir börn sérstaklega þegar áhuginn um fortíðina og upprunann vaknar og gaman er að kynnst hvernig „gamla“ Indland var. Bókin er á tiltölulega þægilegri ensku og auðveld aflestrar.

Endursagt af : Rosemarie Somaiah
ISBN : 0-8048-3687-6

Einnig hafa eftirtaldar bækur verið gefnar út í sama flokki :


Asian Children's favorite stories ISBN : 0-8048-3669-8
Chinese children's favorite stories ISBN : 0-8048-3589-6
Filipino children's favorite stories ISBN : 962-593-765-x



Indian Tales

Hér er um að ræða Indverskar munnmælasögur. Þessi bók innheldur sögur frá eftirfarandi stöðum á Indlandi: Gujarat, Punjab, Nagaland, Uttar Pradesh, Tamil Nadu, Andhra Pradesh, Rajasthan og Kerala. Bókin byrjar á að bjóða fólk velkomið til Indlands (ein opna), segir aðeins frá gamla tímanum á Indlandi og færir sig svo yfir í nútímann þ.e. eins og Indland er í dag. Á næstu opnu er svo kort af Indlandi og nágrenni og nokkrir stuttir sögumolar um landið. Síðan taka við myndskreyttar sögur frá hverjum stað. Falleg og litrík bók, sem er skemmtileg til lestar fyrir unga sem aldna.

Höfundar/endursagt af : Shenaaz Nanji og Christopher Corr
ISBN : 978-1-84686-083-6



Moods of the day

Geisladiskasafn : Moods of the day Indversk instrumental tónlist fyrir hvern hluta dagsins. Fjórir diskar sem innihalda rétta tónlist fyrir morgun, seinni part, kvöld og nótt. Þægileg tónlist og algjörlega Indversk www.umusicindia.com